

12. gr.

130

Með mál útaf brotum á reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál. 20. oktr.

Eptir þessu eiga allir hlúðaðeigendur sjer að hegða.

Í stjórnarráði Íslands, 20 október 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

131

20. oktr.

um

brunabótasjóði sveitafjelaga.

Samkvæmt lögum nr. 26, 20. október 1905 um váttrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, er hjermeð sett eptirfarandi reglugjörð um fyrirkomulag á brunabótasjóðum sveitarfjelaganna.

1. kaflí.

Um stofnun brunabótasjóðanna.

1. gr.

Heimilt er sveitarfjelögum að stofna með skylduábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum utan kauptúna (sbr. 39. gr.).

2. gr.

Húsráðendur þeir, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum, geta á lögmætum fundi stofnað brunabótasjóð fyrir hreppinn. Meiri hluti allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppnum ræður úrslitum, en þó skal hver húsráðandi, sem jafnframt er eigandi að húseign, sem hann sjálfur notar, og er 500 króna virði eða meira, hafa 2 atkvæði. Fundur er lögmætur, þá er hreppsnefnd boðar hann öllum húsráðendum í hreppnum með skriflegu fundarboði og með 2 tveggja vikna fyrirvara að minnsta kosti, enda sje þar til tekið, að á fundinum verði tekið til umræðu og borið undir atkvæði, hvort stofna skuli brunabótasjóð fyrir hreppinn.

Nú er samþykkt að stofna brunabótasjóð, og skal þá hreppsnefndin tafarlaust tilkynna það stjórnarráði Íslands.

2. kafli.

Um það, hvað skylt sje og hvað heimilt sje að váttryggja í brunabótasjóði.

3. gr.

Í brunabótasjóði er skylt að váttryggja öll íbúðarhús í hreppnum, sem liggja utan kauptúna, úr hverju efni sem þau eru byggð, og geymsluhús, sem þeim eru áföst, þó svo að virðingarverð húsa eða húsaþyrpinga, sem í sameiginlegri brunahættu eru (sbr. 19. gr.), fari ekki fram úr 6000 krónum.

Til húsa telst allt múr- og naglfast, þar á meðal eldstór, ofnar, föst rúmstæði o. s. frv.

4. gr.

Undanskilinn skylduábyrgð í sjóðnum er hver sá, er sýnir sveitarstjórn árlega skilríki fyrir því, að hann hafi váttryggt hús sín í áreiðanlegu, erlendu brunabótafjelagi.

5. gr.

Heimilt er að váttryggja í brunabótasjóði peningshús í hreppnum, hlöður og önnur hús til ábúðarnota; þó má virðingarverð húsa, sem eru í sameiginlegri brunahættu, eigi fara fram úr 6000 krónum.

6. gr.

Heimilt er og með samþykkt meiri hluta atkvæðisbærra húsráðenda, að taka til ábyrgðar í brunabótasjóði hrepps samskonar hús og í hreppnum, þótt þau sjeu í öðrum hreppi, ef ástæður þar banna, að þar sje stofnaður brunabótasjóður.

7. gr.

Tekizt getur brunabótasjóður á hendur ábyrgð að $\frac{2}{3}$ í húsi eða húsaþyrping í sameiginlegri brunahættu, þó hærra verði nemi en 6000 kr. (sbr. 3. og 5. gr.), ef sveitarstjórn og stjórnarráð Íslands samþykkja.

8. gr.

Hvergi má váttryggja annarsstaðar þann þriðja hluta, sem ekki fæst bættur úr brunabótasjóði hreppsins (sbr. 39. gr.). Sá sem breytir móti þessu, missir rjett til brunabóta úr sjóðnum.

3. kafli.

Um skoðanir og virðingar á húsum til váttryggingar.

9. gr.

Nú er brunabótasjóður stofnaður í hreppi samkvæmt framansögðu, og skal oddviti þá þegar senda sýslumanni skriflega beiðni um að til nefna svo marga skoðunarmenn í hreppnum, sem hreppsnefnd telur þurfa til þess að framkvæma

skoðanir og virðingar á húsum til brunabóta, og aðrar þær skoðanir og virðingar, **131** er reglugjörð þessi mælir fyrir um. Sýslumaður nefnir síðan til svo marga skoð- 20. oktbr. unarmenn, sem hreppsnefnd hefur til tekið. Skoðunarmenn skulu vinna eið að starfi sínu (sbr. 16. gr.). Sjeu þeir ekki nema tveir, skal sýslumaður til nefna hinn þriðja til vara, og framkvæmir hann skoðanir og virðingar í forföllum annarshvors hinna.

Skoðunarmenn skulu hafa starfa sinn á hendi í sex ár. Ef skoðunarmaður flytur burtu úr hreppnum, deyr eða hreppsnefnd gefur hann lausan frá starfinu, skal á sama hátt tilnefna mann í hans stað, fyrir þann tíma, er hann átti eptir. Ef hreppsnefnd óskar að fjölga skoðunarmönnum, skal á sama hátt tilnefna þá fyrir það tímabil, sem eptir er. Endurnefna má fráfaranda, ef hann mótmælir því eigi. Sá sem er eða verður sextugur að aldri, er laus við starfa þennan, ef hann vill.

10. gr.

Skoðunarmenn skulu jafnan vinna tveir saman að skoðunum og virðingum. Ef fleiri skoðunarmenn eru í hreppi en tveir, velur hreppsnefnd einn þeirra til aðalskoðunarmanns. Skal hann sjálfur vera við allar skoðunargjörðir og virðingar, og kveður hann til með sjer þann skoðunarmanna, sem næst býr vettvangi.

Verði skoðunarmenn eigi á eitt sáttir um virðinguna, skal taka meðaltalið af virðing þeirra, og er það váttryggingarupphæðin. Bóka skal tillögu hvers virðingarmanns um sig, þegar þeim kemur ekki saman um upphæðina.

11. gr.

Skoðunarmenn skulu eins fljótt og við verður komið eptir að brunabótasjóður er stofnaður, framkvæma skoðun og virðing á öllum húsum í hreppnum, sem skylduábyrgð hvílir á, svo og öðrum húsum, er menn óska og heimilt er að váttryggja í sjóðnum.

12. gr.

Skoðunarmenn skulu semja nákvæma lýsingu á húsum þeim, sem váttryggja skal. Lýsingin skal innihalda:

- a. Nafn jarðarinnar eða hússins, eða önnur einkenni þess.
- b. Lýsingu á húsaskipun, hve mörg húsin sjeu, hve langt sje á milli þeirra; úr hverju þau sjeu byggð, hve gömul þau sjeu og hvernig þeim sje við haldið.
- c. Hvort sjerstök brunahætta stafi af nokkru húsi, og hve langt sje þaðan til næsta húss.
- d. Hve langt sje til vatns.

Lýsing húsanna skal vera svo ýtarleg, að þeim megi skipa í flokka eptir brunahættu (sbr. 19. gr) og sjeð verði, hvort þau fullnægi váttryggingarskilyrðum öllum, svo sem um eldstæði, reykpipur og annað það, er fyrirskipað er til varúðar gegn eldsvoða.

Ef um leigujörð er að ræða, eða leiguhús, skal sjerstaklega tilgreina, hvað er eign leiguliða.

13. gr.

Virðingargjörð skal byggð á ásigkomulagi húsanna, þá er virðing fer fram. Skal þá fyrst metið, hvað kosta mundi að byggja húsið af nýju, og meta síðan fyrning hússins og skemmdir á því, og draga svo þá upphæð frá hinni.

Hvert bæjarhús skal virt sjerstaklega. Í torfhúsum skal sjerstaklega tilgreint verð við og sjerstaklega verð grjót- og torfveggja og þekju. Í timburhúsum skal sjerstaklega tilgreint verð grunnmúrsins.

Byggingar, sem vitanlega á að rifa innan skamms tíma, skal virða sem til rifs.

14. gr.

Eigandi eða leigjandi getur krafizt yfirvirðingar á sinn kostnað, og kveður þá sýslumaður til þess, fyrir rjetti, 4 menn óvilhalla. Bæði beiðandi og sveitarstjórn geta krafizt þess, að yfirvirðingarmenn staðfesti gjörð sína með eiði fyrir rjetti á venjulegan hátt.

15. gr.

Endurvirðingar á öllum húsum, sem vátryggð eru í brunabótasjóðnum, skulu fram fara á hverjum 10 ára fresti.

Ennfremur skulu endurvirðingar fram fara:

- a. Ef sveitarstjórn eða stjórnarráðið krefst þess.
- b. Ef vátryggjandi æskir virðingar sökum endurbóta eða endurbyggingar vátryggðra húsa.
- c. Ef vátryggjandi æskir þess sökum skemmda á vátryggðu húsi vegna skriðuhlaups, vatnagangs, landskjálfta eða þesskonar.

Aukavirðing skal fram fara:

- d. Ef byggt er nýtt hús, sem er vátryggingarskyt.
- e. Ef heimild er veitt til vátryggingar á húsi, sem áður er óvátryggt (sbr. 5. og 6. gr.).

16. gr.

Í hverjum hreppi skal vera virðingarbók, er hreppsnefndin varðveitir. Bók þessa leggur stjórnarráðið til á kostnað landssjóðs, enda er hún hans eign, og skal send á landsskjalasafnið, í síðasta lagi 15 árum eptir að hún er útskrifuð. Bókin skal gegnumdregin og löggilt af sýslumanni.

Í bók þessa rita skoðunarmenn eiðstaf sinn, áður en þeir taki til starfa, og í hana skal innfæra allar virðingargjörðir, jafnskjótt og þeim er lokið, og rita skoðunarmenn nafn sitt undir hana að því búnu.

Sveitarstjórn skal senda stjórnarráði Íslands endurrit af öllum virðingargjörðum, jafnskjótt og þær eru bókaðar.

4. kafli.

131
20. oktbr.*Um viðhald húsa.*

17. gr.

Skyldur er váttryggjandi að halda hinni váttryggðu húseign forsvaranlega við.

Ef sveitarstjórn álitur, að húseign sje eigi haldið vel við, getur hún sett váttryggjanda hæfilegan frest til þess að bæta úr göllunum; ef hann sinnir því eigi innan ákveðins tíma, skal hún krefjast endurvirðingar (sbr. 15. gr. a.).

18. gr.

Ef eldstæðum, reykháfum og öðrum eldtækjum er ekki tilhlýðilega haldið við, eins og reglugjörð um það efni mælir fyrir, og ekki er bætt úr því innan ákveðins frests, er sveitarstjórn hefur tiltekið, þá missir váttryggjandi rjett til brunabóta, ef hjá honum brennur, nema það sannist með óyggjandi gögnum, að eldurinn stafi eigi af vanrækslunni.

5. kafli.

Um flokkun húsa eptir brunahættu.

19. gr.

Hús greinast til váttryggingar í þrjá flokka eptir brunahættu þannig:

A-flokkur. Til hans teljast torfbæir, eða bæir byggðir úr torfi og grjóti að veggjum, með torfbaki, járnþaki eða tjörupappabaki, þó því að eins, að baðstofa og eldhús sje greint frá öðrum bæjarhúsum með vegg úr grjóti eða torfi, og sje veggurinn annaðhvort steinlímdur upp úr, og þá eigi þynnri en 7 þumlungar, eða eigi þynnri en 3 fet, sje hann úr torfi eða torfi og grjóti saman. Eigi mega vera fleiri dyr en einar á slikum veggjum, og þær eigi stærri en 1 alin og 9 þuml. á breidd og 3 ál. og 8 þuml. á hæð; engin op mega vera á slikum veggjum utan dyra eða ofan dyra, og engir viðir mega vera í veggjum þessum eða gegn um þá, nema dyraumbúnaður og hurð. Til þessa flokks teljast og peningshús og önnur útihús, nema heyhlöður, ef þar er hvorki eldstæði nje íbúð, enda standi þær ekki nær neinum húsum, er teljast til B-flokks eða C-flokks, en 5 álnir, nema steinlímdur veggur að minnsta kosti 7 þuml. þykkur, samfelldur, eða torfveggur, að minnsta kosti 3 feta þykkur, samfelldur, sje á milli.

B-flokkur. Til hans teljast íbúðarhús þau, er hafa útveggi alla úr steinlímdu grjóti eða steinsteypu uppúr. Enn fremur þau hús, er samkvæmt gerð sinni gætu talizt til A-flokks, en standa nær öðrum húsum, er teljast til B-flokks, en 5 ál., nema eldraustur veggur sje á milli. Þó getur ekkert hús talizt til þessa flokks, sem stendur nær húsi eða húsum, er teljast til C-flokks, en 5 ál., nema steinlímdur veggur að minnsta 7 þuml. þykkur, samfelldur, eða torfveggur að minnsta kosti 3 feta þykkur sje á milli.

131 *C-flokkur.* Til hans teljast öll íbúðarhús úr timbri, svo og íbúðarhús eða 20. oktbr. bæir, þótt veggji hafi úr torfi eða grjóti og torfi utanvert, ef íbúðarherbergi eða eldhús og venjuleg geymsluherbergi eru undir einu risi, svo og bæir, sem eru svo byggðir, að þeir geta eigi talizt til A-flokks, og önnur hús er eigi verður skipað í hina flokkana. Ennfremur þau hús, er samkvæmt gerð sinni gætu talizt til A-flokks eða B-flokks, en standa nær öðrum húsum, er teljast til C-flokks, en 5 ál. nema eldraustur veggur sje í milli.

Timburhús teljast í sameiginlegri brunahættu, nema autt svæði sje á milli þeirra, 20 ál. að lengd, ef bæði húsin eru járnklædd, en 30 ál. sje það ekki.

6. kafli.

Um stig húsa eptir verðhæð.

20. gr.

Hús og bæir í hverjum flokkanna A, B og C (sbr. 19. gr.) skiljast í stig eptir verðhæð húsaheildar þeirrar eða húsaþyrpingar, sem er í sameiginlegri brunahættu, eptir virðingarverði þannig:

1. stig, þá er heildin er 1000 kr. eða minna.
2. — — — — — 2000 — til 1000 kr.
3. — — — — — 3000 — — 2000 —
4. — — — — — 4000 — — 3000 —
5. — — — — — 5000 — — 4000 —
6. — — — — — 6000 — — 5000 —

7. kafli.

Um upphæð iðgjalda og greiðslu þeirra.

21. gr.

Iðgjöld til brunabótasjóðs eru fyrst um sinn ákveðin, eins og hjer segir, árlega:

Stig	A-flokkur	B-flokkur	C-flokkur
	af 1000 kr.	af 1000 kr.	af 1000 kr.
1. stig	1,6	2,4	3,2
2. —	1,8	2,6	3,4
3. —	2,0	2,8	3,6
4. —	2,2	3,0	3,8
5. —	2,4	3,2	4,0
6. —	2,6	3,4	4,2

Iðgjaldið reiknast eptir virðingarverðinu.

131

Þessi iðgjöld haldast til ársloka 1911, sbr. þó 45. gr., þá skulu þau á ný 20. oktbr. ákveðin af stjórnarráðinu eptir þeirri reynzlu, sem þá er fengin.

Nú er samþykkt samkvæmt 7. gr. að taka til ábyrgðar í brunabótasjóði hús, er nemur hærri verði en 6000 krónur, og ákveður þá stjórnarráðið upp-hæð iðgjalda eptir tillögum sveitarstjórnar.

22. gr.

Gjalddagi á iðgjöldum er 15. dagur októbermánaðar ár hvert.

Nú er reist váttryggingarskylt hús á váttryggingarárinu, og skal þá greiða iðgjald til gjalddaga hlutfallslega eptir tímalengd. Sama gildir og ef váttryggjandi vill hækka ábyrgð á váttryggingarskyldu húsi, sökum endurbóta, á árinu.

Ef hús, sem ekki er váttryggingarskylt, er tekið í ábyrgð eptir gjalddaga, skal greiða hálf váttryggingargjald ef liðnir eru fullir sex mánuðir frá aðal-gjalddaga, ella fullt iðgjald. Sama gildir, ef váttrygging er hækkuð á árinu á slíku húsi, sökum endurbóta á því.

23. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinn váttryggðu eign, en greiðist af húsráðanda. Sje hann leiguliði, getur hann haldið eptir af eptirgjaldinu eða leigunni, iðgjaldinu af þeim húsum, er hann ekki á.

24. gr.

Sje váttryggingu á húsi, sem eigi er í skylduábyrgð, eigi sagt skriflega lausri hálfum mánuði fyrir gjalddaga, verður húsið talið áfram í váttryggingu, og er því váttryggingjanda skylt að borga iðgjaldið fyrir það ár.

25. gr.

Iðgjöldin hafa sama lögtaksrjett sem sveitarútsvör (sbr. lög 16. desbr. 1885).

8. kafla.

Um ábyrgðarskirteini.

26. gr.

Jafnskjótt og hin fyrsta virðing hefur farið fram á váttryggingarskyldum húsum og öðrum húsum í hreppnum (sbr. 11. gr.), skal sveitarstjórn yfirfara skoðunar- og virðingargjörðirnar, og flokka húsin eptir brunahættu og verðhæð og gefa út ábyrgðarskirteini.

131

20. oktbr.

Ábyrgðarskirteini skulu rituð á þar til gjörð eyðublöð. Þar skal tilgreint nafn váttryggjanda, hverskonar hús það er, sem váttryggt er, í hvaða flokki það er, virðingarverð þess, upphæð iðgjalds og gjalddagi. Á skirteinum þessum skulu og prentuð váttryggingarskilyrði, og önnur þau ákvæði, er einkum varða hvern váttryggjanda.

Á sama ábyrgðarskirteini má setja öll váttryggingarskyld hús sama váttryggjanda á jörðinni; sama er um önnur hús hans þar, sem heimilt er að váttryggja og hann beiðist váttryggingar á.

28. gr.

Váttrygging byrjar þá er ábyrgðarskirteini, eða hið fyrsta greiðsluskirteini fyrir iðgjaldi er afhent. Það skal endurnýjað í hvert sinn, sem váttryggingarupphæð tekur breytingum. Váttrygging skal veitt fyrir eitt ár í senn frá gjalddaga til næsta gjalddaga (váttryggingarár), nema heimilt sje eða skylt að váttryggja fyrir skemmri tíma (sbr. 22. gr.).

29. gr.

Eigandi húss, sem er í skylduábyrgð, skal á ábyrgðarskirteini jafnan talinn váttryggjandi þess.

9. kafli.

Um bruna, brunaskoðanir og virðingar.

30. gr.

Nú kemur eldur upp í húsi, sem váttryggt er í brunabótasjóði hrepps, og skal þá váttryggjandi eða umboðsmaður hans, ef hann vill brunabóta krefja, tilkynna oddvita brunann, svo fljótt sem unnt er, og eigi síðar en sólarhring frá því bruna er lokið, nema gild forföll banni.

Sje brotið á móti þessu, missir váttryggjandi 1% af brunabótunum svo sem sekt fyrir vanræksluna.

Allir hlutaðeigendur eru skyldir til að gjöra allt sem unnt er til þess að slökkva eld í váttrygðum húsum.

31. gr.

Jafnskjótt og oddviti hefur fengið tilkynningu um brunann, skal hann kveðja skoðunarmenn hreppsins til þess að rannsaka brunann, og öll atvik að honum, og til þess jafnframt að meta skemmdir af brunanum til verðs.

Enginn má rífa það, sem eptir er af húsunum, þá er björgun húsa og muna er lokið,

eða flytja það burtu af staðnum, fyrir en skoðunarmenn eru komnir þangað og gefa leyfi til þess.

131
20. oktbr.

Sá sem fyrir bruna verður, skal aðstoða skoðunarmennina, og leggja til vinnukraft til þess að rannsaka brunarústirnar.

32. gr.

Þegar virtur er brunaskaði, skal telja, að húsið hafi albrunnið, ef ekki stendur eptir af því neitt, sem notað verður í endurbygging án þess að rífa það niður, annað en grunnmúr eða tópt. Annar skaði af bruna telst skemmdir á húsi.

Brunaskaði er allur skaði á húsum, sem stafar af eldsvoða, eða af björg-unartilraunum þegar eldsvoða ber að hendi.

33. gr.

Þegar hús albrennur, skal leggja til grundvallar fyrir skaðabótum virðingarverðið til váttryggingar, þannig, að virða skal það sem bjargast hefur og notað verður við endurbyggingu hússins, eða til einhvers annars, og skal sú virðingarupphæð dregin frá váttryggingarvirðingarverðinu, og er sú upphæð, sem þá kemur út, brunaskaðinn, nema húsið hafi rýrnað eða skemmst áður en brann, en eptir að síðasta virðing til váttryggingar fór fram, því þá skal gert fyrir því, og sú upphæð dregin frá virðingarverðinu.

Leifum öllum skal váttryggjandi skyldur að taka við uppi brunabætur eptir mati.

34. gr.

Nú verða skemmdir á húsi við bruna (sbr. 32. gr.), og skal þá virða það, sem eptir er óskemmt af húsinu sjerstaklega, og sjerstaklega, hvað kosta muni að koma húsinu í sama ástand og fyrir brunann. Síðan skal leggja þessar tvær virðingarupphæðir saman, og verði þær samtals minni en váttryggingarvirðingarverðið, er upphæð sú, er metin var til þess að gjöra við húsið aptur, brunaskaðinn. Verði hins vegar virðingarverð hins óbrunna af húsinu, og sú upphæð, sem gengur til þess að bæta húsið, samanlagt hærra en váttryggingarvirðingarverðið, ber að færa báðar hinar fyrstnefndu upphæðir hlutfallslega svo niður, að þær samanlagðar verði jafnar váttryggingarvirðingarverðinu og verður hin þannig niðurfærða viðgjörðarupphæð brunaskaðinn.

Ef hús, sem brunnið hefur eða orðið fyrir brunaskaða, vitanlega er ætlað til niðurrifs innan skamms, skal ákveða bæturnar eptir verði efnisins.

35. gr.

Verði virðingarmenn eigi á eitt sáttir, skal taka meðaltalið af þeim upphæðum sem þeir meta skaðann, og skal bókfæra tillögu hvors um sig.

Bæði váttryggjandi og hreppsnefnd geta hvor um sig krafizt yfirvirðingar. Kveður þá sýslumaður til þess, fyrir rjetti, 4 menn menn óvilhalla. Yfirmatsbeidandi og sveitarstjórn geta krafizt þess, að yfirvirðingarmenn staðfesti gjörð sína með eidi fyrir rjetti á venjulegan hátt.

Brunaskoðun og virðingar skal ekki innfæra í húsavirðingarbókina, heldur skal rita þær gjörðir sjerstaklega og afhenda oddvita, undirritaðar af skoðunarmönnum. Þeir skulu geta þess í þeim, að þær sjeu gjörðar samkvæmt eidi þeim, er þeir hafa unnið að starfi sínu.

Nú þykir sveitarstjórn eptir skýrslu skoðunarmanna, eða af öðrum ástæðum, líkur til, að bruninn sje af mannavöldum, og skal hún þá þegar tilkynna það lögreglustjóra og krefjast rannsóknar.

10. kafli.

Um töpun á rjetti til brunabóta.

Brunabótasjóður greiðir eigi brunabætur, þegar svo stendur á, sem hjer segir:

- a. Þegar eigandi, kona hans eða nánustu erfingjar hafa af ásettu ráði eða stórkostlegu hirðuleysi valdið brunanum.
- b. Þegar bruninn er svo litill, að eigi nemur 20 kr. í 2000 kr. húseignum og þar yfir, eða 1% í minni húseignum.
- c. Þegar bruninn stafar af stórkostlegri vanrækslu váttryggjanda í því að fara eptir reglum þeim, sem settar verða um það, hversu haga skuli eldstæðum og reykþípum eða annað það, sem er nauðsynlegt til varúðar gegn eldsvoða (sbr. 18. gr.).
- d. Þegar svo stendur á, sem segir í 8. gr.

Ef húsið er veðsett, hefur veðhafi eigi að síður rjett til brunabótanna að svo miklu leyti, sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til, enda sje veðhafi ekki valdur að brunanum.

11. kafli.

Um greiðslu brunabóta og endurbygging.

Brunabótasjóður hrepps greiðir aðeins $\frac{2}{3}$ þeirrar upphæðar, sem brunaskaði hefur verið metinn á þann hátt er að framan segir.

Brunabótum skal varið til endurbóta eða endurbyggingar þeirra húsa, sem brunnið hafa.

Ef hús hefur albrunnið, skal hið endurreista hús að minnsta kosti jafnmikils

virði, og hið brunna hús var virt við síðustu virðing til váttryggingar.

131

Þegar einungis er um skemmdir að ræða af bruna, skal endurbótin í 20. oktr. minnsta lagi kosta eins mikið og brunaskaðinn var metinn.

41. gr.

Þá er sveitarstjórn hefur fengið þau skilríki, er sanna eða ákveða skyldu brunabótasjóðs til að greiða brunabæturnar, og trygging fyrir því, er hún tekur gilda, að brunabótafjenu verði varið til endurbyggingar eða endurbóta samkv. 40. gr., skal hún greiða brunabæturnar. Fáir hún hinsvegar eigi næga tryggingu, lætur hún ekki brunabæturnar af hendi, fyrr en jafnótt og byggt er.

Ef hús það, er brann, var veðsett, má sveitarstjórn aldrei án samþykkis veðhafa greiða brunabætur öðruvisi, en jafnótt og byggt er, eða gegn trygging, er veðhafi tekur gilda.

Endurgjald fyrir brunaskaða er undanþegið fjárnámi og löghaldi nema í sambandi við húseignina.

42. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leyfa, að fyrir brunabæturnar sje reist hús til annara afnota, en það sem brann, að hið nýja hús sje reist á annari jörð eða stað en það, sem brann, og enda jafnvel, að brunabótunum sje ekki varið til endurbyggingar, ef alveg sjerstakar ástæður mæla með því, og veðhafi og aðrir, er kunna að hafa haft rjettindi í húsinu, samþykkja það.

43. gr.

Áður en trygging fyrir endurbygging eða endurbótum er laus látin eða brunabætur eru að fullu greiddar, getur sveitarstjórn, ef hún telur nokkurn vafa á því, að hið nýja hús eða endurbæturnar nemi því verði, sem til er tekið í 40. gr., látið skoðunarmennina virða, svo framarlega sem húsið er ekki váttrygginga-skylt og eigi er beiðst váttryggingar á því, því þá kemur hin fyrirskipaða skoðun í hennar stað.

44. gr.

Ef ekki er endurbyggt eða veitt undanþága frá því innan 5 ára eptir brunann, tapast allur rjettur til brunabóta eða þess hluta þeirra, sem þá er ekki endurbyggt fyrir.

12. kafli.

Um ábyrgð og tillög sveitarsjóðs.

45. gr.

Úr brunabótasjóði skal greiða allar brunabætur, en sveitarsjóður ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er á honum hvíla, og greiðir því brunabætur, ef brunabótasjóður hrekkur eigi til. En hann endurborgar sveitarsjóði,

131 svo fljótt sem því verður við komið. Skal þá auka iðgjöld til brunabótasjóðs, 20 oktr. svo sem sveitarstjórn þykir við þurfa, og eigi minna en svo, að skuldir við sveitarsjóð greiðist á næstu 10 árum af aukaiðgjöldum.

46. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, ef lögmætur sveitarfundur (sbr. 2 gr.) samþykkir árlega, að leggja úr sveitarsjóði fje til stofnunar og styrktar brunabótasjóði hreppsins 10 fyrstu árin, þó eigi meira en jafna upphæð og iðgjöld vátryggjenda í hreppnum nema.

Nú vátryggja utanhreppsmenn í brunabótasjóði hrepps (sbr. 6. gr.), og ber þeim þá, ef sveitarsjóður leggur fje í brunabótasjóð, að leggja fram auk iðgjalds sins samsvarandi tillag.

13. kafli.

Um borgun fyrir skoðanir og virðingar.

47. gr.

Fyrir skoðun þá og virðing, sem fram fer við stofnun brunabótarjóðs (sbr. 11. gr.) og endurvirðing á hverra 10 ára fresti (sbr. 15. gr. 1. lið) greiðir sveitarsjóður eina krónu á býli hvorum skoðunarmanni.

Býli telst hjer hver bær, sem aðskilinn er frá öðrum bæjum, þótt í sama túni standi.

48. gr.

Fyrir allar aðrar skoðunar-, mats- og virðingargjörðir (sbr. 14., 15., 31., og 43. gr.) ber hvorum virðingarmanni tvær krónur fyrir hvern dag, sem gjörðin stendur yfir. Standi gjörðin yfir lengur en 8 tíma samfleytt, skal gjalda eins og fyrir 1½ dag.

Purfi skoðunarmenn, til þess að framkvæma virðingargjörð, að ferðast meir en 1 mílu á landi eða ½ mílu á sjó, talið fyrir hvern um sig frá bústað hans til þess staðar er virðing fer fram, skal greiða hvorum þeirra 50 auru fyrir hverju mílu á landi og ½ mílu á sjó. Þóknun þessi greiðist bæði fyrir ferðina fram og aptur, og má eigi fara fram úr 2 kr. fyrir hvorn skoðunarmann. Sje sá staður, þar sem virðing skal fram fara svo langt burtu, að skoðunarmennirnir verði að vera burtu frá heimili sínu meira en 10 stundir, til þess að framkvæma virðinguna, ber hvorum þeirra 3 krónur í fæðispeninga.

49. gr.

Beiðandi greiðir í hvert skipti þóknun þá og ferðakostnað, sem ákveðin er í 48. gr. til skoðunarmanna, nema þegar um brunaskaða og virðing fyrir brunaskaða er að ræða.

Ef um utanhreppsmenn er að ræða, greiða þeir auk hinnar fyrirskipuðu þóknunar til skoðunarmanna, sanngjarnan ferðakostnað til þeirra eptir reikningi, sem stjórn sjóðsins úrskurðar, ef þess er óskað.

50. gr.

131

20. oktbr.

Borgun fyrir brunaskoðun og virðing brunabóta greiðist úr brunabótasjóði hreppsins, ef til brunabótagreiðslu kemur. Ef váttryggjandi heimtar yfirvirðingu, greiðir hann kostnaðinn við hana, ef virðingin stendur óhöggðu eða er færð niður, ella brunabótasjóður. Ef hreppsnefnd krefst yfirvirðingar, greiðist kostnaðurinn úr brunabótasjóði.

14. kafli.

Um stjórn brunabótasjóðanna, bókun, reikningsskil o. fl.

51. gr.

Sveitarstjórn hefur á hendi alla stjórn og umsjón brunabótasjóðs hreppsins og gætir þess, að farið sje eptir ákvæðunum um sjóðinn.

52. gr.

Hreppsnefnd heldur þessa bækur viðvíkjandi sjóðnum:

1. *Váttryggingarbók.* Í henni skal hver váttrygging, er setja má á sama skírteini samkvæmt 27. gr., hafa sínu tölusettu blaðsíðu; skal þar ritað hvenær og hver hús sjeu váttryggð, nafn eiganda, í hverjum brunahættuflokki þau sjeu, váttryggingarverð þeirra og upphæð iðgjalda. Þar skal og rita hækkanir, niðurfærslur og aðrar breytingar, er verða á váttrygging húsanna. Henni skal fylgja skrá yfir nöfn hinna váttryggðu húseigna með tilvitnun í blaðsíðu hennar.
2. *Gjörðabók.* Í hana skal rita fundargjördir allar viðvíkjandi sjóðnum, ársskrá yfir allar váttryggingar á hverju umliðnu váttryggingarári með tilvitnun í blaðsíðu hennar í váttryggingarbókinni, hve hátt iðgjaldið sje og hvort það sje greitt.
3. *Kassabók,* er í skal rita allar peningaupphæðir, sem greiddar eru í sjóðinn eða úr honum.

Ennfremur skal þar ritaður ársreikningur sjóðsins og fyrirskipaðar skýrslur um hann.

Bækur þessar leggur landssjóður til, enda eru þær hans eign. Sýslumaður löggildir þær.

Brjef frá hreppsnefndinni viðvíkjandi sjóðnum skal innfæra í brjefabók hreppsins og innkomin brjef í dagbókina.

53. gr.

Oddviti sjer um, að öll þau störf, sem nefndinni er skylt að annast

131 viðvikjandi brunabótasjóði sjeu tilhlýðilega unnin, nema öðrum sje falið það 20. oktbr. sjerstaklega.

Hann er fjehirðir sjóðsins og reikningshaldari, annast bókun, útgáfu ábyrgðarskirteina og brjefaskriptir, geymir bækur sjóðsins og önnur skjöl. Til hans skulu menn snúa sjer í váttryggingareringum og öðrum málum, er snerta sjóðinn.

54. gr.

Ábyrgðarskirteini skulu undirrituð af hreppsnefndinni í heild sinni, en kvittun oddvita á þar til gjörð eyðublöð fyrir fyrstu iðgjaldagreiðslu gildir til bráðabirgða sem ábyrgðarskirteini, sbr. 28. gr., þangað til reglulegt skirteini er gefið út, er gjöra skal svo fljótt sem unnt er.

55. gr.

Hreppsnefndin skal sjerstaklega sjá um, að ekki dragist að innheimta iðgjöld, sem fallin eru í gjalddaga. Dragist innheimta svo lengi, að lögtaksrjettur missist, ber hreppsnefndin fulla ábyrgð á því.

56. gr.

Hreppsnefnd skal koma fje brunabótasjóðs á vöxtu í tryggilegum spari-sjóði, er stjórnarráðið tekur gildan, eða kaupa fyrir það bankavaxtabrjef.

Öll hreppsnefndin ber ábyrgð á innstæðufje, verðbrjefum og öðrum eignum um sjóðsins.

57. gr.

Reikningsár brunabótasjóðsins er váttryggingarárið, sbr. 22. og 28. gr.

58. gr.

Ársreikningur brunabótasjóðs skal sendur sýslunefnd til endurskoðunar og úrskurðar um sama leyti og hreppsreikningur fyrir umliðið fardagaár. Hann skal gjörður eptir fyrirmynd, er stjórnarráðið býr til.

Reikningunum skal fylgja skrá yfir allar váttryggingar í sjóðnum á reikningsárinu, skrá yfir goldin og ógoldin iðgjöld og yfir eignir sjóðsins. Ennfremur skulu fylgja eptirrit úr virðingarbókinni yfir síðastliðið váttryggingarár, eptirrit af brunaskoðunum og virðingum, hafi brunabætur verið greiddar á árinu, svo og önnur skjöl, sem nauðsynleg eru við endurskoðun og úrskurð reikningsins. Eptirrit af reikningunum, eins og sýslunefnd hefur úrskurðað þá, skal síðan senda til stjórnarráðsins, er því næst semur ágríp af þeim og lætur birta í B-deild stjórnartíðandanna.

15. kafli.

131

20. oktr.

Um sameining brunabótasjóða í hreppum.

59. gr.

Nú hafa tveir eða fleiri hreppar samþykkt að stofna brunabótasjóði, og geta þá sveitarstjórnir þeirra, að fengnu samþykki meira hluta atkvæða húsráðenda samkv. 2. gr., á almennum fundi komið sjer saman um, að sameina brunabótasjóði þeirra. Hvila þá skuldbindingar allar óskiptar á hinum sameiginlega sjóði þessara hreppa, og þá tekur hver sveitarsjóður tiltölulegan þótt í gjöldum til brunabótasjóðsins eptir iðgjöldum þeim, sem greidd eru úr hreppnum. Hver sveitarstjórn annast í sínum hreppi þau störf, sem lögð eru á sveitarstjórnir í reglugjörð þessari, svo sem móttöku húsa í váttrygging, innheimtu á iðgjöldum, bókun, reikningsfærslu o. s. frv., en sveitarstjórnin í þeim hreppi, sem hæst iðgjöld greiðir, tekur á móti iðgjöldum frá hinum hreppunum og öðrum tekjum hins sameiginlega sjóðs, ávaxtar fje hans og hefur ábyrgð á því (sbr. 56. gr.), greiðir fje úr honum eptir kröfu hinna hreppsnefndanna, nema hrepparnir semji öðruvisi um það og stjórnarráðið samþykki.

Hún gjörir árlega reikning fyrir tekjum hans, gjöldum og eignum, og skal sá reikningur endurskoðaður af sveitarstjórnnum allra þeirra hreppa, sem í sameign eru um sjóðinn, og þvínæst sendur sýslunefnd til úrskurðar ásamt öllum fylgiskjölum.

Sjeu hrepparnir í tveim sýslum eða fleiri, skulu hlutaðeigandi sýslunefndir úrskurða reikninginn. Verði ágreiningur milli þeirra um eitthvað atriði í honum, skal stjórnarráðið leggja endilegan úrskurð á ágreiningsatriðið.

16. kafli.

Um eptirlit með bókfærslu o. fl.

60. gr.

Sýslumaður skal í hvert sinn, er hann rannsakar bækur sveitarstjórnar samkvæmt sveitarstjórnarlögnum, einnig rannsaka bækur brunabótasjóðs.

Sveitarstjórnir er skyldar til, hvenær sem stjórnarráðið æskir þess, að láta því í tje allar þær upplýsingar og skýrslur, er það kann að heimta viðvikjandi brunabótasjóðunum og hag þeirra.

Í stjórnarráði Íslands, 20. október 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.